

262. fundur 17. apríl 2007

**262. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn
Þriðjudaginn 17. apríl 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 3 blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 261. fundar hreppsnefndar 8. mars 2007. Samykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 9. febrúar 2007. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 16. apríl 2007. Samþykkt.
4. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 15. mars 2007. Samþykkt með breytingu á orðinu sorphirðugjald í sorpeyðingargjald í 1. lið undir önnur mál.
5. Fundargerð brunavarna- og almannavarnarnefndar 12. febrúar 2007. Samþykkt.
6. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 13. apríl 2007. 1. liður. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu kennarafundar fra. 29. mars. s.l. með fyrirvara um að stuðningsfulltrúi fáiist og samningar náist við Hveragerðisbæ.
Liður 2 undi rönnur mál breytist “einn kennari hefur sagt upp” í einn kennari hefur í hyggju að segja upp.

Til afgreiðslu:

1. Bréf frá Vitanum – verkefnastofu með beiðni um styrk vegna Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Erindinu hafnað.
2. Bréf frá UDN með beiðni um styrk vegna samverustundar grunnskólanemenda að Laugum. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 60.000.
3. Bréf frá Ólafi Hauki Jónssyni og Arnfinni Sævari Jónssyni með beiðni um umsögn sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis í Hafrafellssandi. Sveitarstjórn gefur jákvæða umsögn um stofnun lögbýlisins Hafrahlíð.
4. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS stílað á Héraðsnefnd A-Barðastrandasýslu með ósk um tilnefningu eins manns og annars til vara í fulltrúaráð félagsins. Egill Sigurgeirsson tilnefndur sem aðalmaður og Óskar Steingrímsson til vara.
5. Munnleg beiðni frá Jóni Atla Játvarðarsyni um endurnýjun á minkaveiðisamningi með hækkun verðlauna um kr. 1.000- pr.dýr.
Samþykkt.
6. Samningur við Guðmund Sigvaldason um refaveiðar 2007. Hækkun verðlauna fyrir hlaupadýr? Samþykkt að ganga til samninga við Guðmund um grenjaleit og ákveðið að hækka verðlaun fyrir hlaupadýr í kr. 10.000 til samningsbundinna veiðimanna sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu.

7. Kaupþilboð frá Hafsteini Guðmundssyni í Læknishúsi í Flatey. Kaupþilboðið samþykkt.
8. Bréf frá Minjavernd með beiðni um að samningur frá júní 1987 um endurnýjun þriggja pakkhúsa í Flatey verði endurskoðaður. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu á grundvelli umræðna á fundinum.
9. Kaupþilboð frá Skagaverki ehf í félagsheimilið Vogaland. Vísað er í fyrri samþykkt frá 11. janúar 2007 þar sem ákveðið var að auglýsa húsið til sölu og verður þeirri samþykkt framfylgt.
10. Beiðni frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi til vegagerðar á nýjum Tröllatunguvegi (605). Samþykkt að veita framkvæmdaleyfi. Hreppsnefnd ítrekar fyrri óskir um að nafninu verði beytt í Arnkötludal.
11. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. (Breytt útgáfa frá fyrri samþykktu samningi). Samningurinn samþykktur í breyttri mynd.
12. Bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu þar sem þeir óska umsagnar Reykhólahrepps vegna landskipta á ríkisjörðinni Gufudal-Neðri. Hreppsnefnd samþykkir landskiptin athugasemdalaust. Bent skal á að jörðin hefur alla tíð heitið og heitir enn Gufudalur.
13. Símbrefr frá Landbúnaðarráðuneytinu með ósk um umsögn sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis út úr landinu Hólar (139594). Sveitarstjórn gefur jákvæða umsögn um stofnun lögbýlisins Hólasels.
14. Tölvubrefr frá Eygló Kristjánsdóttur með beiðni um að sett verði upp hraðahindrun á Hellsibrautinni, t.d. á móts við nr. 48. Málið er í vinnslu.
15. Bréf frá Steinunni Ó. Rasmus um skólamál í Reykhólasveit. Hreppsnefnd leggur til að haldinn verði fundur með starfsfólki skólans, leikskólans og mennta- og menningarmálanefnd sem fyrst.

Mál til kynningar:

1. Bréf frá Strandabyggð til Vegagerðarinnar um nafngift vegar um Arnkötludal og Gautsdal. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga með tilkynningu um eignarhluti í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu með staðfestingu þeirra á reglum fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Breiðafjarðarnefnd um gamla þorpið í Flatey – Leyfisveitingar. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Tölvupóstur frá Sigurði Práinssyni í Landbúnaðarráðuneytinu með upplýsingum um að Flugstoðir ohf hafi óskað eftir að flugvöllurinn á Reykhólum yrði undanskilinn við sölu landsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að flugvöllur verði undanskilinn.
2. Tölvupóstur frá Bergsveini G. Reynissyni um hafnarbætur í Króksfjarðarnesi vegna tilraunaeldis á kræklingi sem er í farvatninu. Hugsanleg umsókn til Lendingabótarsjóðs um styrk í verkefnið. Ákveðið að sækja um styrk í Lendingarbótasjóð svo framarlega sem það skerði ekki framlög til annarra hafnarframkvæmda í sveitarfélaginu.
3. Húsnæðismál slökkviliðs Reykhólahrepps. Sveitarstjórn hefur óskað eftir að kaupa Suðurbraut 5 og væntir svars fyrir 1. maí 2007.
4. Tillaga frá Gústafi Jökli um að hætt verði við framkvæmdir við sparkvöll og pengingarnir notaðir í fegrun staðarins, t.d. frágang skólalóðar. Tillagan felld.
5. Framkvæmdaáætlun vegna framkvæmda sumarsins 2007. Sveitarstjóra og Agli falið að gera tímsetta framkvæmdaáætlun.
6. Húsnæðismál á Reykhólum. Ákveðið að fela sveitarstjóra og Karli að fara í viðræður við Þrjú ehf um hugsanleg kaup á húsnæði.
7. Fyrirkomulag á leigu Reykhólaskóla. Málið rætt.
8. Breyting á samningi á milli Reykhólahrepps og Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum. Samþykkt að breyta 3. grein í: Reykhólahreppur greiðir götu félagsins og styrkir sem frekast er unnt.

Karl Kristjánsson yfirgaf fundinn kl. 21:00. Fundi lokað.

Trúnaðarmál:

1. Bréf frá tveimur íbúum sveitarfélagsins sem tengjast málefni einstaklings. Oddvita og sveitarstjóra falið að svara bréfinu og málið fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:50.

Gústaf Jölull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)